

Úr ríki náttúrunnar

Birnir

Örstutt um myndbandið: Af átta bjarnýrategundum í heiminum í dag eru sex í útrýmingarhættu. Í myndbandinu kynnumst við lífsháttum bjarnýranna sem og útbreiðslu þeirra. Þó að hundar séu nánustu ættingjar bjarnanna eru þeir samt ótrúlega líkir okkur mönnum.

Efnisráður: Í myndbandinu er fjallað um allar þær bjarnýrategundir sem til eru í dag, allt frá þeirri algengustu, ameríska svartbirninum, til þeirrar sjaldgæfustu, risapöndunnar. Lífshættir bjarnanna eru skoðaðir svo sem fæðuval, aldur og hvernig þeir leggjast í híði mánuðum saman. Þá hægist á líkamsstarfseminni, líkamshitinn lækkar og þeir endurvinna úrgangsefni líkamans ólíkt öðrum dýrum sem þurfa að losa sig við þau. Húnarnir fæðast í híðinu og sjá foreldrarnir um ungana í tvö til þrjú ár. Birnir nýta sér fæðu sem lyf og virðast vita hvaða plöntur lækna mein þeirra. Þeir hafa gott þefskyn og geta hlaupið eins hratt og hestar.

Markmið/meginviðfangsefni:

- Að þekkja núlifandi tegundir bjarnýra
- Að geta borið saman tegundirnar átta hvað varðar útbreiðslu og lífshætti
- Að geta útskýrt þróun bjarnýra og skyldleika þeirra við önnur dýr

Helstu atriði og hugtök:

- híði
- malajabjörn
- hvítabjörn
- pandabjörn
- grábjörn
- kragabjörn
- amerískur svartbjörn
- letibjörn
- gleraugnabjörn
- kódíakbjörn
- árbjörn
- húnn
- lyktarmerking
- teddy bear

Hugmyndir að verkefnum

- Gera útbreiðslukort fyrir allar tegundirnar af bjarnýrum (nota heimildir)
- Útbúa þróunartré fyrir birni frá árbirninum
- Flokka bjarnýrin eftir fæðuvali (kjötatur, plöntuatur, alatur)
- Fjalla um lífsferil og atferli bjarnýra, svo sem meðgöngu, umönnun unga, fæðuöflun o.fl.

Til umræðu:

- Hvaða bjarnýrategundir eru í útrýmingarhættu og hvað er til ráða?
- Að hvaða leyti líkjast bjarnýr mönnum?
- Samskipti manna við birni

Tengsl við námskrá:

Lífvísindi: bygging og starfsemi lífvera; erfðir, aðlögun, þróun; einkenni og fjölbreytni lífvera; tengsl lífvera innbyrðis og við umhverfi sitt; atferli
Um hlutverk og eðli náttúruvísinda: viðhorf til umhverfis, náttúru og vísinda

Tengsl við námsefni:

Náttúran allan ársins hring
Einkenni lífvera

Lifandi veröld

Titill á frummáli: *Bear*

Þýðandi og þulur: Guðni Kolbeinsson